

Ungir karlar lúta í gras segir Bettina Arndt Mikla móðir er gengin aftur

Hin góðkunnna Janice Fiamengo, fyrrum kvenfrelsari og enskuprofessor í Ottawa, rifjar upp líf sitt. Þegar hún settist á háskólabekk lagði kennarinn áherslu á, að konur gætu ekið vörubílum til að leggja áherslu á, að konum væru allir vegir færir. Kennarinn efndi til draugaglímu eins og Grettir forðum. Varla hafði mörgum dottið í hug, að konur gætu það ekki. „Menningin var opinskátt kvenvæn, og ég reið á kraftbylgju stúlkna, án þess að gefa því gaum,“ segir Janice.

Hún heldur áfram: „Í uppvextinum komu karlar fram við mig af vinsemd og virðingu í skóla og annars staðar. Faðir minn taldi það sjálfgefið, að úr mér rættist. Ég var í engu kynferðislega áreitt eða auðmýkt og aldrei heyrði ég dæmi um slíkt frá kvenvinum mínum. Foreldrar mínir væntu þess, að ég tæki ábyrgð á lífi mínu.“

Engu að síður sveif andblær kvenlegrar fórnarlambshyggju yfir vötnum í háskólanum. Karlar voru vondir, konur góðar. Þær voru siðferðilega hreinar og tærar. „Ég var kona og þess vegna góð. Karlar þurftu að sýna fram á góðleika sinn með því að snúast á sveif með góðu konunum gegn illu körlunum,“ þ.e. hinum. Þeir fengu þó ekki að koma í öryggisafdrepp kvennanna við háskólann.

„Ungu karlarnir ljáðu reglubundið eyra (og andmæltu sjaldan) við orðræðu um að vernda konur, virða konur, biðja um samþykki, trúa konum, valdefla konur og hvetja konur til dáða á vettvangi, þar sem karlar voru í meirihluta.“ Karlar eru hið þögla kyn.

Karlar voru tamdir til að sýna konum fylgispekt og trúa því, að konur í valdastöðum myndu kippa veröldinni í liðinn. Stríð myndu þær ekki líða. Þeir lærðu líka, að konur byggju yfir sérstakri skilningsgáfu, sem væri allt önnur og betri en hin reðurmiðaða karlasál væri fær um.

„Kvenfrelsurunum hefur tekist – jafnvel betur en þá dreymdi um – að skapa menningu, þar sem rými karla er skorið við nögl, nema þegar skatttekna er þörf, svo og framfærslueyris og barnameðlags (með þeim börnum, sem þeir fá ekki lengur að sjá, eftir að þeim var sparkað út af heimilinu).“

Um miðjan áttunda áratug síðustu aldar sagði hinn velþekkti mannfræðingur, Margaret Mead (1901-1978), sem rannsakað hefur manna mest samskipti kynjanna víðs vegar, þó mest á Samóa eyjum:

„Hlutverk kvenna og karla eru á hverfanda hveli. Konur liggja undir þrýstingi ... um að leggja trúnað á, að staða þeirra fyrrum skýrist af kúgun karla. Samtímis voru karlar ... ásakaðir um að vera kúgarar – og meira að segja heiftúðugir kúgarar. Umbreytingarnar eiga sér stað í andrúmslofi gríðarlegrar skapvonsku.“

Jafnvel þótt konur berji karla ekki síður en karlar konur, er stríðið að mestu leyti háð undir beltisstaði. Kvenfrelsararnir notfæra sér af klókindum eðlilega umhyggju karla og samvisku til að draga þá niður í svaðið. Það eru andleg morð og félagsleg. Þeim er sjaldan refsað.

Ásakanir um kynofbeldi er beittasta vopnið, þegar konur finna hjá sér þörf til að drottna yfir körlum. Þær beita sér á mörgum sviðum; á heimavelli til að öðlast yfirráð yfir börnum feðra, á vinnustöðum og í stjórnámálum – og jafnvel í íþróttum eins og Íslendingar þekkja alltof vel. En í því efni hafa þær vissulega stuðning af karlundirlægjum.

Frægt er að endemum mál í Ástralíu. Þar riðaði ríkisstjórn til falls vegna ásakanna ritara, Brittany Higgins, sem laug nauðgun upp á starfsmann stjórnarinnar. Henni voru meira að segja dæmdar háar bætur fyrir.

Rangar sakargiftir um nauðgun og annað kynofbeldi þykja ekki stórmál meðal siðblindra kvenfrelsara – jafnvel þó sálfræðingar séu. Gina Rafter segir t.d.:

„Kona, sem setur fram falska nauðgunarákæru, gæti haft ástæðu til þess. Ef til vill var henni ekki nauðgað, en augljóslega hefur hann [meintur nauðgari] áreitt hana á einhvern hátt.“

Sefjunarhugsýkin um illsku karla náði líklega hámarki í „Ég-líka-bylgjunni“ (Me too), sem kvenfrelsarar RÚV kalla „byltingu.“ En þá hafði það tíðkast um áratuga skeið, að konum væri leyft að mannorðsmyrða karlmenn (sbr. bók Daphne Patai frá 1998: *Heterophobia: Sexual Harassment and the Future of Feminism*).

Þessi hugsýki kvenna glymur enn um allan heim. Nýlega gengu fulltrúar kvenfrelsunar- og ofbeldisiðnaðarins í Ástralíu fylktu liði til að krefjast meiri peninga til baráttunnar gegn karlmönnum. Mikill meirihluti íslenskra kvenna fór í verkfall til að mótmæla kúgun feðraveldisins.

Hugsýkin endurómar vissulega í hugskoti drengja og karla. Hún er orðin að eins konar fagnaðareri. Ætlunarverki kvenfrelsaranna og auðvaldsafllanna, sem – fyrir utan skattgreiðendur – fjármagna stríðið gegn körlum, er senn lokið.

Drengir læra, að þeir séu eittraðir nauðgarar og ofbeldismenn. „Hvernig getum við komið í veg fyrir, að þessi drengur verði skímsli,“ er fyrirsögn, sem endurspeglar umræðuna býsna vel. (Og með henni fylgir mynd.)

Drengir eru aukin heldur gerðir að vitorðsmönnum í ofbeldi annarra. Ástralski kvenfrelsarinn og talsmaður heimilisofbeldisiðnaðarins, Jess Hill, segir vonsvikin:

Það hefur ekki gefið góða raun, að „telja körlum og drengjum trú um, að segi þeir karlrembubrandara eða láti hjá líða að andmæla viðhorfi félaganna, séu þeir þar með ábyrgir fyrir líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi sem og morðum kynbræðranna.“

Kynfræðingurinn, Bettina Arndt, segir: „Já, svo gæti farið – ekki satt – að þeir, sem alast upp í menningu, þar sem ríkisstjórnin borgar fyrir herferðir (program) gegn þér og félögum með falskar ásakanir að vopni um ábyrgð á nauðgunum og morðum á konum, hætti stuðningi við þá hina sömu stjórn?“

Fjandsamlegt viðmót gegn drengjum og samhljóma stjórnvaldsaðgerðir, virðist bera árangur, þegar horft er til til eiginlega tilgangs, þ.e. að efla kvenræði í samræmi við sjálfbærnimarkmið Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum) og Sameinuðu þjóðanna. Eitt markmiðanna er nefnilega að valdefla konur og dætur þeirra.

„Ég-líka-hugsýkin“ gæti hafa skipt sköpum. Átta af hverjum tíu konum í Bandaríkjunum segjast hafa orðið fyrir kynárreitni. (Þó hefur aldrei verið slegið kynofbeldismet meðal landsfundarmanna Samfylkingarinnar. Allir kvenfulltrúar hafa verið beittir kynofbeldi á þeim bæ.) Kynin færast stöðug fjær hvoru öðru, samtímis endurskilgreiningu í þá veru, að kyn sé valfrjálst. Kvenfrelsunarhugsýkin hefur alið af sér kynleysuhugsýkina.

Bettina bendir á, að „kannanir í Ástralíu og Bandaríkjunum og víðar [t.d. í Noregi, Argentínu og Kóreu] sýni, að ungar konur verði stöðugt öfgafyllri og ungir karlar líklegri til að sýna kvenfrelsurum andúð.“

Í Suður-Kóreu kvarta 80% ungra karla undan misrétti, um helmingur þeirra í Bandaríkjunum. Í Bretlandi telja nær allir karlar undir þrítugu, að kvenfrelsun hafi ekki

haft neitt gott í för með sér. Í ástralskri könnun líta ungu karlarnir á sig sem úrkrök. Rúmur helmingur íbúa í 32 þjóðlöndum segir „jafnrétti“ hafa gengið út í öfgar. En umræða og löggjöf um „jafnrétti“ felur jafnan í sér misrétti gegn körlum. Konum er hampað, veitt sérstakt brautargengi og forréttindi.

Margt bendir til, að ungir karlar sýni samfélagi og kúguðum konum langt nef. Þeir sökkva sér niður í tölvuleiki, sulla og svalla, hverfa úr skóla og gerast hallir úr heimi hér. Brotthvarf drengja úr skóla er mest í kvenfrelsunarparadísunum veraldar, Íslandi og Noregi.

Sjálfsvíg meðal ungra karla hafa einnig aukist, í Bandaríkjunum um þriðjung frá 2010. Fjórfalt fleiri karla stytta sér aldur en konur, enda lifa þær að meðaltali lengur. Áhugaleysi karla á konum kalla þær líka kúgun.

Nokkrir stjórnámálamenn benda á skaðvænleg áhrif kvenfrelsunar. Javier Milei, hinn litríki forsætisráðherra Argentínu, er einn þeirra. Annar er Yoon Suk Yeol, forseti Suður-Kóreu, sem strengdi þess heit að beita sér fyrir þyngri refsingum fyrir falskar ákærur um kynofbeldi og leggja niður Jafnréttisráðuneytið.

Fóstureyðingaforsætisráðherrann, Katrín Jakobsdóttir, er yfirhershöfðingi íslenskra kvenfrelsara í drengja- og karlastríðinu, samtímis því að vera ötull baráttumaður Alheimsefnahagsráðsins og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Þessar stofnanir berjast fyrir alheimsvaldi. Þjóðin ætlar sér að heiðra hana með forsetatígn.

Draumur kvenfrelsaranna er um það bil að rætast. Mikla móðir, alheimsgyðjan, er snúin heim.

„Mikla móðir var dýrkuð frá Egyptalandi til Indlands, frá Grikklandi til Litlu-Asíu [og] til myrkviða Afríku. [Hún var] alls staðar álitin gyðja veiða og stríðs. Blótsiðir hennar voru blóði drifnir, blótin hömlulaus. Allt er þetta samþætt í eðli sínu. „Blóðlagið,“ djúpt í iðrum hinnar miklu Jarðarmóður skýrir enn frekar, hvers vegna piltarnir, sem hún leggur ást sína á, ættu að óttast geldingu.“ (Erich Neumann)

Um Miklu móður:

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2263128/> 1

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2263204/> 2

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2263317/> 3

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2263386/> 4

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2263783/> 5

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2263976/> 6

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2264414/> 7

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2264897/> 8

Fáeinir pistlar höfundar um kvenfrelsun:

<file:///C:/Users/arnar/Downloads/Gy%C3%B0jur%20go%C3%B0sagnir%20og%20hi%C3%B0%20g%C3%B3%C3%B0a%20samf%C3%A9lag%20kvennanna.pdf>

<https://www.visir.is/g/20191715261d/yfir-burdir-kvenna-kyn-lif-og-kven-frelsun>

<https://www.visir.is/g/20191322558d/leggur-hid-thogla-kyn-arar-i-bat->

<https://www.visir.is/g/2018180409004/-eg-einnig-byltingin-i-ruv>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2264409/>

<https://www.visir.is/g/20191900819d/fostur-eydinga-for-saetis-rad-herrann>

Heimildir:

<https://edition.cnn.com/2022/12/01/australia/brittany-higgins-sexual-assault-charges-dropped-intl-hnk/index.html>

<https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2024-05-24-brottfall-ungra-karla-mest-a-islandi-413475>

https://fiamengofile.substack.com/p/the-feminist-response-to-harrison?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=144852194&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://www.jstor.org/stable/2381437>

<https://www.forbes.com/sites/forbestechcouncil/2024/03/18/empowering-female-leaders-of-the-future-will-create-a-better-world/?sh=332a2c404554>

<https://www.amazon.ca/Different-Voice-Psychological-Theory-Development/dp/0674970969>

https://fiamengofile.substack.com/p/male-guilt-before-metoo?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=144699148&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/the-making-and-un-making-of-a-feminist?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=144476961&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://www.msn.com/en-us/lifestyle/lifestyle-buzz/gen-zs-gender-divide-is-huge-and-unexpected/ar-BB1h7vtB>

<https://mitpress.mit.edu/i-want-a-twenty-four-hour-truce-during-which-there-is-no-rape-an-excerpt-from-last-days-at-hot-slit-the-radical-feminism-of-andrea-dworkin/>

<https://cananmarasligil.net/read/feminism-is-my-lived-reality-mona-elthawys-seven-necessary-sins-to-fight-patriarchy>

<https://www.mindingthecampus.org/2017/11/30/we-made-this-harassment-law-up-from-the-beginning-and-now-weve-won/>

<https://pjmedia.com/benbartee/2024/05/18/symptom-of-a-sick-society-feminist-rape-rituals-n4929150>

<https://ofboysandmen.substack.com/p/look-to-norway>

<https://time.com/6963752/great-global-gender-divide/>

<https://www.regjeringen.no/no/dokumenter/nou-2024-8/id3035815/?ch=2>

https://bettinaarndt.substack.com/p/winning-over-young-men?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=144423991&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=UAaLR4UUE0g>